
Árbók Hins Íslenzka Fornleifafélags (Icelandic Edition)

Fornleifafélag Íslenska

Title: Árbók Hins Íslenszka Fornleifafélags (Icelandic Edition)

Author: Fornleifafélag Íslenska

This is an exact replica of a book. The book reprint was manually improved by a team of professionals, as opposed to automatic/OCR processes used by some companies. However, the book may still have imperfections such as missing pages, poor pictures, errant marks, etc. that were a part of the original text. We appreciate your understanding of the imperfections which can not be improved, and hope you will enjoy reading this book.



2
2.00

ÁRBÓK

HINS

ÍSLENZKA FORNLEIFAFJELAGS

1895.



REYKJAVÍK.
PRENTUÐ Í ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJU.

1895.

ÁRBÓK

HINS

ÍSLENZKA FORNLEIFAFJELAGS

1895.

REYKJAVÍK.
PRENTUÐ Í ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJU.

1895.

51

Digitized by Google

TO NEW YORK
PUBLIC LIBRARY
6513
ASTOR, LENOX AND
TILDEN FOUNDATIONS
R 1925 L

NEW YORK
PUBLIC LIBRARY
ASTOR, LENOX AND
TILDEN FOUNDATIONS

Efnisyfirlit.

Rannsókn sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894. Eptir Brynjúlf Jónsson. (Landnáma s. 1. Vatnsdæla s. 3. Hallfreðarsaga s. 7. Finnbogasaga s. 9. Þórðarsaga hreðu s. 10. Kormaks-saga s. 12. Grettissaga s. 14. Heiðarvígasaga s. 17. Bandamannasaga s. 19.)	Bls. 1—10.
Viðaukar. Eptir Brynjúlf Jónsson. (Hofgil. Eiríksstaðir o. fl. í Haukadal. Haugur? í Hvammi. Hoftóft á Brúsastöðum og bollasteinn).	— 19—21.
Flosatraðir og þingfararvegur Þjórsdæla. Eptir Brynjúlf Jónsson	— 22—23.
Bær Þórodds goða. Eptir Brynjúlf Jónsson	— 24—29.
Um myndir af gripum í forngripasafninu. Eptir Pálma Pálsson. (Skrúðgöngumerki s. 30. Ábreiða s. 31. Líkneski s. 33. Tveir hanzkar s. 34.)	— 30—35.
Forn leiði fyrir ofan Búland. Eptir Pálma Pálsson	— 36—42.
Skýrsla: I. Aðalfundur fjelagsins. II. Reikningur fjelagsins 1894. III. Fjelagar	— 43—47.
Leiðrjetting	— 48.

Rannsókn

sögustaða í vesturhluta Húnavatnssýslu sumarið 1894.

Eptir

Brynjúlf Jónsson.



Húnavatnsþing, einkum vesturhluta þess, má telja einhvern söguríkasta hluta landsins, þar eð því tilheyra eigi færri en 8 sögur, að því leyti að höfuðmenn þeirra sagna eru Húnavetningar. Það eru: *Vatnsdæla*, *Hallfréðarsaga*, *Finnbogasaga*, *Þórðarsaga hreðu*, *Kormakssaga*, *Grettla*, *Heiðarvígasögubrotið* og *Bandamannasaga*. Auk þess kemur *Landnáma* þar við á sínum stöðum sem annarsstaðar. Mætti því líklegt þykja, að hjer væri mikill fjöldi sögustaða; en svo er þó ekki. Að Vatnsdalnum undanskildum eru sögustaðir þar tiltölulega fáir. En til þess er sú orsök, að mestur hluti þeirra viðburða, sem sögurnar — aðrar en Vatnsdæla — segja frá, hefir farið fram utanhjæraðs. Jég skodaði þar sögustaði sumarið 1894, og aðgætti hversu þeir koma heim við sögurnar. Skal hjer skýrt frá árangri þeirra rannsókna með samiburði við hverja sögu fyrir sig.

I. Landnáma.

Hringstaðir. 3. P. 1. k. «Haraldr hringr maðr ættstórr. Hann kom skipi sínu í Vestrhóp, ok sat hinn fyrsta vetr þar nær er hann hafði lent ok nú heita Hringstaðir. Hann nam Vatnsnes allt utan til Ambáttarár fur vestan en fur austan inn til Þverár ok . . . bjó á Hólum». Hringstaðir halda enn nafni sínu, þeir eru næstum andspænis Vesturhópshólum í hlíðinni milli